



Minnisblað til umhverfisnefndar Mosfellsbæjar

Efni: Minnisblað starfsmanna um notkun dýraboga

Dags: 18.04.2018

Málsnúmer: 201804239/-

Málsmeðferð: Til umfjöllunar

Frá: Tómas Guðberg Gíslason, umhverfisstjóri

Almennt virðast gilda þær reglur að veiðar með dýraboga eða gildrum séu heimilar á músum, rottum, minkum og tófuyrðlingum við greni, með því skilyrði að þær hafi hljótið samþykki Umhverfisstofnunar.

Hins vegar er tilgreint að haga skuli veiðum þannig að þær valdi dýrum sem minnstum sársauka og veiðimenn skuli gera það sem í þeirra valdi stendur til að aflíka dýr skjótt, sem þeir hafa veitt áverka. Einnig þarf að huga sérstaklega að hættu sem getur stafað af slíkum gildrum fyrir menn og önnur dýr.

Lög nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum

9. gr.

☐ Við veiðar má eingöngu nota skotvopn sem úr má skjóta fríhendis frá öxl með þeim undantekningum sem upp eru taldar í liðum 3, 4, 7 og 16 hér á eftir og nánar er kveðið á um í reglugerðum. Við fuglaveiðar er óheimilt að nota haglabyssu með hlaupvídd stærri en nr. 12.

Við veiðar er m.a. óheimilt að nota:

7. Fótboga eða gildrur, nema til músaveiða, rottuveiða, minkaveiða og til að ná tófuyrðlingum við greni. Gerðir fótboga og gildra skulu hafa hljótið samþykki [Umhverfisstofnunar]. ²⁾

Reglugerð nr. 437/1995 um refa- og minkaveiðar

Sérákvæði um refaveiðar

6. gr.

■ Séu dýrabogar lagðir fyrir yrðlinga í grenjum skal búa þannig um bogana að sem minnst hætta sé á að yrðlingar meiðist. Gerðir fótboga og gildra skulu hafa hljótið samþykki ráðgjafarnefndar um villt dýr. Ekki má yfirgefa greni þar sem bogar hafa verið lagðir fyrir yrðlinga. Yrðlingar skulu aflífaðir á skjótvirkann hátt.

Sérákvæði um minkaveiðar

8. gr.

■ Séu gildrur lagðar fyrir mink skal þannig um þær búið að öðrum dýrum stafi sem minnst hætta af. Ef fótbogar og dauðagildrur eru notaðar skal búa um þær þannig að minkurinn láti lífið á sem skjótastan hátt. Gerðir fótboga og gildra skulu hafa hljótið samþykki ráðgjafarnefndar um villt dýr. Minkur sem næst lifandi skal aflífaður á sem skjótvirkastan hátt.



Lög nr. 15/1994 um dýravernd

V. kafli. Dýraveiðar.

■ 15. gr. Ávallt skal staðið að veiðum þannig að það valdi dýrunum sem minnstum sársauka. Skytt er veiðimönnum að gera það sem í þeirra valdi stendur til að aflífa dýr sem þeir hafa veitt áverka.

Lög nr. 55/2013 um velferð dýra

■ 21. gr. Aflífun.

☐ Dýr skulu aflífuð með skjótum og sársaukalausum hætti og eftir því sem unnt er án þess að önnur dýr verði þess vör. Forðast skal að valda dýrum óþarfa þjáningum eða hræðslu.

☐ Óheimilt er að aflífa dýr með því að drekkja þeim nema um sé að ræða gildruveiði minka sem hluta af skipulögðum aðgerðum til að halda minkastofninum í skefjum sem heimil er samkvæmt ákvæðum laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Slík gildruveiði er þó aðeins heimil að hún hafi verið tilkynnt Umhverfisstofnun.

■ 27. gr. Veiðar.

☐ Ávallt skal staðið að veiðum þannig að það valdi dýrunum sem minnstum sársauka og aflífun þeirra taki sem skemmstan tíma. Skytt er veiðimönnum að gera það sem í þeirra valdi stendur til að aflífa þau dýr sem þeir hafa valdið áverkum.

☐ Við veiðar er óheimilt að beita aðferðum sem valda dýri óþarfa limlestingum eða kvölum. Við veiðar á villtum dýrum skal að auki fara að fyrirmælum gildandi laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

Svo virðist sem regluverk varðandi notkun dýraboga sé óljóst og ákveðið ósamræmi í gangi í mismunandi lögum sem um málið gilda. Annars vegar er talað um að notkun á dýraboga sé heimil við veiðar á músum, rottum, minkum og tófuyrðlingum án sérstakra skilyrða, en hins vegar að veiðum sé þannig hagað að þær valdi dýrum sem minnstum sársauka og aflífun taki stuttan tíma. Fulltrúar Umhverfisstofnunar og Matvælastofnunar eru sammála um að þarna vanti tilfinnanlega skýrari reglur og leiðbeiningar um notkun dýraboga.

Fáar reglugerðir virðast vera til fyrir þessi lög sem eykur enn á óvissuna um túlkun þeirra. Engin ákvæði eru t.d. um vöktun á dýrabogum, en Umhverfisstofnun hefur mælt til þess að frágangur á gildrum sé þannig að dýrin drepist skjótt, s.s. í og við vatn, og hefur einnig bent á að til eru betri gildirur sem aflífa dýrin á skjótari máta.

Út frá ofangreindu má telja að notkun dýraboga við veiðar á músum, rottum, minkum og tófuyrðlingum séu heimil, með því skilyrði að þær veiðar séu stundaðar á ábyrgan hátt og í samræmi við lög um velferð dýra.

Frávik frá þessu skal senda á Matvælastofnun sem fer með málefni dýravelferðar.

Matvælastofnun hefur metið það svo að dýrabogar sem eru óvaktaðir til lengri tíma séu í andstöðu við lög um velferð dýra, en skýr ákvæði vantar þó um vöktun dýraboga.

Í lögnum er tilgreint að þeir dýrabogar sem notaðir er skuli vera samþykktir af Umhverfisstofnun. Umhverfisstofnun hefur farið þá leið að samþykka ákveðnar gerðir af dýrabogum, en ekki hvern dýraboga fyrir sig.



Ákveðin óvissa virðist vera milli Matvælastofnunar og Umhverfisstofnunar um hvor stofnunin hafi yfirumsjón með álitaefnum sem upp koma um dýravelferð við veiðar á villtum dýrum, þar sem Matvælastofnun fer almennt með málefni um dýravelferð en Umhverfisstofnun ber ábyrgð á veiðum á villtum dýrum.

Nýlegt mál varðandi dýraboga í Úlfarsá, sem barst bæði Mosfellsbæ og Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis, hefur verið sent frá heilbrigðiseftirlitinu til Matvælastofnunar til úrvinnslu.

Virðingarfyllst.,

Tómas G. Gíslason

Umhverfisstjóri Mosfellsbæjar